



75. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
fimmtudaginn, 19. febrúar, 2004, kl. 17:00 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Mæting skv. undirskriftum.

1. Framkvæmdaáætlun þjónustumiðstöðvar 2004 (bæjarverkfræðingur og – tæknifræðingur kynna).
2. Bréf frá Landvernd.
3. Fundargerð 710. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
4. Fundargerð Héraðsráðs A-Hún. frá 4. febrúar sl.
5. Fundargerð Héraðsráðs A-Hún. frá 10. febrúar sl.
6. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra.
7. Áætlun um úthlutun framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árinu 2004.
8. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Framkvæmdaáætlun þjónustumiðstöðvar 2004 (bæjarverkfræðingur og – tæknifræðingur kynna).

Mættir eru Rolf Árnason, sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs ásamt Kjartani Ólafssyni, bæjarverkstjóra. Dreifðu þeir yfirliti yfir helstu framkvæmdir og fasta liði í starfsemi þjónustumiðstöðvar. Ákveðið að fá nánari tímasetningar framkvæmda fyrir næsta fund bæjarráðs.

Viku þeir af fundi kl. 17:55.

Í kjölfar umræðna samþykkir bæjarráð að leita tilboða í slátt og hirðingu opinna svæða. Bæjartæknifræðingi falið að leita tilboða.

2. Bréf frá Landvernd.

Í bréfi Landverndar dags. 6. febrúar er kynnt verkefnið “Vistvernd í verki” sem byggist á hópastarfi um vistvæna lífshætti sem leiða til fjárhagslegs sparnaðar; fyrir samfélagið í heild, sveitarfélög og fjölskyldur sem í hlut eiga. Með bréfinu óskar Landvernd eftir fundi með fulltrúum Blönduóssbæjar til að ræða frekar tillögur um samstarf um frekari útbreiðslu á verkefninu. Bæjarstjóra falið að svara erindinu.

3. Fundargerð 710. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

4. Fundargerð Héraðsráðs A-Hún. frá 4. febrúar sl.

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

5. Fundargerð Héraðsráðs A-Hún. frá 10. febrúar sl.



Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

6. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra.

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

7. Áætlun um úthlutun framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árinu 2004.

Greint er frá áætlun um úthlutun einstakra framlaga úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélagsins á þessu ári.

• Útgjaldajöfnunarframlag	19.983.900,-
• Almenn framlag til reksturs grunnskóla	21.522.894,-
• Framlag v. sérparfa fatlaðra nemenda	4.400.000,-
• Greiðsla húsaleigubóta	2.972.000,-
• V. breytinga á álagningarstofni mannvirkja	<u>21.018.050,-</u>
Samtals:	69.896.844,-

8. Önnur mál.

- a. **Erindi vegna kaupa á hlaupabretti.** Í erindi sviðsstjóra fræðslu-, félags- og menningarsviðs er greint frá því að hlaupabretti í íþróttahúsi er ónýtt. Er þess óskað að bæjarráð heimili hækkun á fjárhagsramma íþróttahúss vegna kaupa á nýju hlaupabretti. Bæjarráð heimilar hækkun fjárhagsramma og skal tekið af lið 21 ófyrirséð. Bæjarstjóra falið að ræða nánar við forstöðumann.
- b. **Áfengisleyfi.** Lúðvík Vilhelmsson f.h. KH hf. sækir um leyfi fyrir áfengisveitingar í húsnæði Hótel Blöndu. Með umsókn fylgir samþykki eiganda hótelsins vegna leyfisins. Bæjarráð samþykkir erindið.
- c. **Erindi frá Nýju Teiknistofunni ehf.** Samkvæmt beiðni starfsmanns Olúfélagsins ehf. leitar Teiknistofan eftir því að fá afnot af hluta lóðarinnar Norðurlandsvegi 2 vegna bílastæða. Erindinu er vísað til skipulags- og byggingarnefndar.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:55.

Hjördís Blöndal (sign.)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Auðunn Steinn Sigurðsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)